

# Samfélags- og náttúrugreinar 4. bekkur

Kennarar: Brynhildur Svala Snorradóttir; Guðfinna Dröfn Aradóttir

4

Skólaárið

2023 - 2024

## Helstu námsþættir vetrarins

Í Samfélags- og náttúrugreinum er lögð áhersla á þemanám og að nemendur taki virkan þátt í undirbúningi viðfangsefna. Áhersla er á að samþætta allar námsgreinar með sérstakri áherslu á íslensku, m.a. samlestur, gagnvirkan lestur og lesskilning. Helstu námsþættir eru Nærumhverfið, Fjaran og hafið, Norræn goðafræði, Álftanessaga og trúarbrögð. Kennsluhættir miðast við einstaklings- og hópavinnu, umræður, frásagnir, myndvinnu, ritun, samvinnu og vettvangsferðir/útikennslu.

Í Lífsleikni er unnið með hugmyndafræðina "Uppeldi til ábyrgðar", "Vaxandi hugarfar" og "Verkfærakistu KVAN". Unnið er með jákvæðan bekkjaranda, hlutverk nemenda og annarra, þarfirnar og bekkjarsáttmáli gerður. Bekkjarfundir eru haldnir vikulega þar sem nemendur ræða leiðir í samskiptum. Að auki er unnið með "Vináttuverkefni Barnaheilla".

## Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Árinu er skipt upp í 4 lotur það sem unnin eru þemaverkefni:

Ágúst - september: "Uppeldi til ábyrgðar", unnið með þarfir og gildi. Nemendur að kennari vinna saman að bekkjarsáttmáli.

Október - nóvember: Fjaran og hafið

Desember: Trúarbrögð - helgileikur

Janúar - mars: Norræn goðafræði

Apríl - maí: Álftanessaga

## Námsaðlögun

Námsefni er aðlagð að hverjum og einum nemanda. Lögð er áhersla á að vinna að sambærilegum markmiðum á ólíkan hátt þar sem allir nemendur fá verkefni við hæfi.

## Námsmat

Nemendur gera sjálfsmat/jafningjamat á eigin frammistöðu með tilliti til áhuga, virkni og samvinnu.

Kennarar meta vinnu nemenda með tilliti til áhuga, virkni og samvinnu. Í kennslustundum fer jafnframt fram leiðsagnarmat kennara.

Á bekkjarfundum fer fram jafningjamat um samskipti.

## Námsgögn

Álftanessaga, Óðinn og bræður hans, Komdu og skoðuðu Hafið, Halló heimur og ýmsir vefir og smáforrit.

Fjölbreytt efni tengt Uppeldi til ábyrgðar, Vaxandi hugarfars og Verkfærakistu KVAN.

### AS Náttúrugreinar 4. bekkur 2019 - 2024 - Geta til aðgerða

- gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægrar umgengni

### AS Náttúrugreinar 4. bekkur 2019 - 2024 - Vinnbrögð og færni

- Áttað sig á þeim náttúruhamförum sem gætu steðjað að nærumhverfinu

### AS Náttúrugreinar 4. bekkur 2019 - 2024 - Að búa á jörðinni

- lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks

### AS Samfélagsgreinar 4. bekkur 2019 - 2024 - Reynsluheimur

- borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi
- áttað sig á að jörðin er hluti af stærri heild
- unnið með aldursamsvarandi hugtök tengd samfélags og náttúrufræðivísindum. Áttað sig á hvernig nærumhverfið er samsett með tilliti til náttúru, sögu og samfélagslegra gilda þessu tengt

### AS Samfélagsgreinar 4. bekkur 2019 - 2024 - Félagsheimur

- útskýrt fimm grunnþarfir Uppeldis til ábyrgðar á einfaldan hátt og tekið þátt í vinnu að sáttmála um samskipti